

KONUNGLEG AUGLÝSING**3**
28. febr.

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum sjálfur í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 1. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Harald Christian Frederik að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gjört á Amaliuborg, 28. febrúar 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.